

Handbók og skólanámskrá tónlistarsvið Svalbarðsstrandarhrepps



Skólaárið
2016-2017

Á Svalbarðsströnd er samrekinn grunn- leik og tónlistarskóli. Allir nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri búsettir í Svalbarðsstrandarhreppi hafa rétt á að sækja um nám í Tónlistardeild Svalbarðsstrandar. Yngri eða eldri nemendur, með lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi, sem sækja einkatíma utan tónlistardeildarinnar geta í einstaka tilfellum fengið að sitja tónfræða- og tónheyrnartíma auk samspils innan Tónlistarskólans ef þeir óska.

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fjallar um málefni skólans.

Aðalnámskrá tónlistarskóla kveður svo á um að hver tónlistarskóli geri sína skólanámskrá til að skilgreina starfssvið sitt og markmið. Vefsíða skólans er upplýsingamiðill og jafnframt skólanámskrá skólans ásamt handbók tónlistardeildarinnar. Með vefsíðunni og handbókinni uppfyllir skólinn áðurnefnt ákvæði aðalnámskrárinnar og vill með því stuðla að árangursríku skólastarfi. Tónlistardeildin starfar skv aðalnámskrá tónlistarskóla og greinanámskrám hennar ásamt skólastefnu Svalbarðsstrandarhrepps.

Umhverfi námsins breytist með nemendahópnum og tekur því námskráin breytingum til að aðlagast einstaklingunum og er það stefnan að bæta námskránnar ár hvert.

Skólanámskrá getur aldrei orðið endanleg. Hún þarfnast stöðugar endurskoðunnar og er breytingum háð frá ári til árs, þótt meginatriði hennar geti verið óbreytt lengur. Skólanámskrá er ætluð foreldrum og öðrum aðstandendum nemenda skólans, nemendum sjálfum, skólayfirvöldum og rekstraraðilum/sveitarstjórn.

Í skólanámskránni er reynt að taka á flestu sem lýtur að skipulagi, námi og kennslu í tónlistardeildinni. Leitast er við að gefa góða heildarsýn yfir sem flesta þætti starfsins, m.a. hvaða nám er í boði og hverjum það er ætlað, uppbyggingu deildarinnar og kennsluhætti. Fjallað er um námsmat og þær hugmyndir sem liggja að baki starfi skólans.

Gildi tónlistarnáms er margþætt. Markvisst tónlistaruppeldi miðar að auknum þroska einstaklinga, þjálfar huga og eflir tjáningarhæfni nemenda. Þess utan veitir tónlistarnám lífsfyllingu og hefur víðtækt félagslegt gildi.

Tónlistarskólar gegna lykilhlutverki við miðlun tónlistarþekkingar og uppbyggingu tónlistarlífs. Tónlistariðkun er meginatriði í öllu tónlistaruppeldi og mikilvægt er að námið vekji ánægju og örvi nemendur til að iðka, njóta og skapa eigin tónlist.

Um skólann

Árið 2003 var stofnuð Tónlistardeild við Valsárskóla. Á haustdögum 2009 tók sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þá ákvörðun að breyta Tónlistardeildinni í sjálfstæða rekstrareiningu, Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar. Vorið 2016 var Tónlistarskólanum aftur breytt í tónlistardeild við Valsárskóla.

Starfsmenn við Tónlistarskólann skólaárið 2016-2017 eru:

Díu Laur; deildarstjóri, söngur, bóklegar greinar, forskóli og píanó

Ingvi Rafn Ingvason; slagverk, bóklegar greinar, samspil, tónver

Daniele Basini: Gítar

Gert-Ott: Blásturshljóðfæri

Tónlistardeildin er til húsa á neðri hæð í suðurenda grunnskólans.

Skólaárið 2015-2016 stunduðu 44 nemendur nám við Tónlistarskólann, 17 nemendur í fullu námi, 22 nemendur í hálfu námi og 5 nemendur í forskóladeild. Kennt er á þverflautu, blokkflautu/altflautu, klarinett, saxófón, píanó/hljómborð, harmonikku, gítar, rafbassa, úkúlele, slagverk og söng/raddþjálfun. Jafnhliða námi á hljóðfæri þurfa nemendur að stunda nám í bóklegum fræðigreinum tónlistar s.s. tónfræði og tónheyrn. Auk þess er lögð rík áhersla á samspil ýmiskonar og vinnu í tónveri.

Elsta deild leikskólans nýtur forskólanáms við skólans, eina kennslustund á viku.

Rétt til hljóðfæranáms í einkatímum í Tónlistarskólanum hafa allir grunn- og framhaldsskólanemar með lögheimili í sveitarfélaginu Svalbarðsstrandarhreppi.

Innritun nýrra nemenda fer fram að hausti í upphafi skólaárs og staðfestingar nemenda frá einu skólaári til annars fara fram í aprílmánuði. . Reynt er að veita

öllum nemendum sem sækja nám við innritun inngöngu en það ræðst af nemendafjölda og framboði af hljóðfærum, getur því biðlisti myndast. Forgang í inntöku nýnema hafa grunnskólanemar yfir framhaldskólanema, og yngri nemendur grunnskóla yfir þá eldri.

Breytingar á námstilhögun og/eða innritun nýrra nema getur einungis verið að hausti eða um annaskipti og ber að tilkynna slíkt skriflega með útfyllingu eyðublaðs sem aðgengilegt er á heimasíðu Tónlistarskólans.

Breytingar og umsóknir eru ekki teknar gildar fyrr en eyðublað hefur verið fyllt út á heimasíðu skólans.

Skólagjöld

Skólagjöld pr önn 2016 eru (skv gjaldskrá Svalbarðsstrandarhrepps):

Grunnskólanemendur:

Hálft nám 37.945 kr.

Fullt nám 56.889 kr.

Afslættir af gjöldum fyrir tónlistarnám:

Veittur er 15% systkinaafsláttur fyrir 2. barn og 25% fyrir börn umfram tvö.

Hljóðfæragjald:

Blásturshljóðfæri 8.275 kr.

Önnur hljóðfæri 4.137 kr.

Gjalddagar skólagjalds eru fjórir:

15. september 2015, 15. nóvember 2015, 15. febrúar 2016 og 15. maí 2016

Stjórn og skipulag

Tónlistardeild Svalbarðsstrandar er ein deild í skóla sveitarfélagsins, hinar deildirnar eru leikskóladeild og grunnskóladeild. Skólastjóri er Inga Sigrún Atladóttir. Deildarstjóri tónlistardeildar er Diia Laur.

Innheimta skólagjalda er í höndum skrifstofu sveitarfélagsins. Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps hefur umsjón með málefnum Tónlistarskólans.

Starfstími skólans er frá september fram í maí.

Samskiptaleiðir

Hægt er að hringja beint í Tónlistardeildina í síma 462 3127. Vinsamlegast hringið á heilum og hálfum tíma ef mögulegt er til að raska kennslu sem minnst.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á tonlist@svabardsstrond.is.

Á viðtalsdögum er deildarstjóri til viðtals fyrir nemndur tónlistadeildarinnar. Foreldrar og forráðamenn boðnir sérstaklega velkomnir með nemendum í kennslustundir.

Beint samband milli foreldra/forráðamanna og kennara er mikilvægt, enda gefur það möguleika á að ræða um tónlistarnám nemandans. Mikilvægum upplýsingum er þá oft komið á framfæri sem geta nýst við að aðstoða nemandann við heimanámið.

Hljóðfæraleiga

Tónlistarskólinn á gítara og blásturshljóðfæri sem lánuð eru nemendum fyrstu árin gegn vægu gjaldi. Eftir það er mjög æskilegt að hver nemandi eignist eigið hljóðfæri.

Nemendur skulu sjálfir standa undir kostnaði við viðhald hljóðfæra sem þeir hafa í leigu. Hljóðfæri skal skilað í sama ástandi og það var í upphafi leigutímabils.

Hljóðfæri í útleigu eru ekki tryggð af hálfu tónlistardeildar.

Hljóðfærakostur, nótna- og gagnasafn

Bókakostur skólans er ekki mikill að vöxtum og eru bækur ekki til útleigu eða útláns. Nótnasafnið er aðeins hugsað til notkunar við kennslu. Nemendur þurfa að eiga sem mest af sínum eigin nótum.

Ýmsir hljómdiskar eru í eigu skólans, safn af helstu verkum klassískrar tónlistar ásamt geisladiskum sem fylgja námsbókum og safndiskar með heimstónlist.

Skólinn á píanó, trommuset, þverflautur, klarinett, harmonikkur, saxófón, kassagítara, rafgítar og magnara, ýmis slagverkshljóðfæri og önnur smáhljóðfæri. Með fjáröflunartónleikum hefur tekist að bæta stöðugt við hljóðfærakostinn. Árið 2004 gaf Kvenfélag Svalbarðsstrandar rausnarlega peningagjöf til þá starfandi Tónlistardeildar Valsárskóla, sem var notuð til kaupa á píanói, þverflautu og klarinetti ásamt nokkrum smáhljóðfærum. Árið 2008 gaf Þorrablótsnefnd Svalbarðsstrandar skólanum trommuset. Einnig hafa einstaklingar gefið skólanum gömul hljóðfæri, geisladiska og bækur í gegnum tíðina.

Í Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar er kennt á öll tréblásturshljóðfæri; blokkflautu, þverflautu, klarinett og saxófón. Einnig er kennt á píanó, orgel, hljómborð, harmonikku, slagverk, gítar og bassa ásamt þess að hægt er að sækja nám í söng, radd- og líkamsbeitingu.

Jafnhliða námi á hljóðfæri þurfa nemendur að stunda nám í tónfræðagreinum s.s. tónfræði og tónheyrn (hlustun og greining). Auk þess er lögð áhersla á samspil ýmiskonar.

Yngstu nemendur Tónlistarskólans sækja áfangann Tónvísi, þar sem undirstöðuatriði tónfræða eru kennd, elstu nemendurnir sitja áfangann Skapandi tónlistarstarf þar sem kennd er tónsköpun og spuni ásamt samspili.

Hljóðfæranámið fer að mestu fram í einkatímum og litlum hópum. Nemendur geta valið um heilt eða hálf námið.

Haldnir eru reglulega tónfundir og tónleikar þar sem nemendur koma fram fyrir áhorfendur. Auk þessa fá nemendur ýmis önnur tækifæri til tónlistarflutnings í samfélaginu; ýmsar uppákomur í skólalífnum s.s. dagur íslenskrar tungu, salarstundir, árshátíð, heimsóknir á leikskóla, samverustundir kvenfélagsins, starf Svalbarðskirkju ofl. þar sem nemendur skólans geta komið að með tónlistaratriði eða tónlistarflutning.

Námskröfur og heimanám

Stuðningur nánustu fjölskyldumeðlima nemenda getur skipt sköpum í hljóðfæranámi. Í slíkum stuðningi felst uppörvun og aðhald en tónlistarkunnátta er ekki skilyrði.

Hljóðfæratímar eru aðeins hálf til ein klukkustund á viku og tímann þar á milli þarf að nýta með reglulegri og góðri heimavinnu. Þó tímalengd æfinga sé mismunandi eftir aldri, og hve langt nemandinn er kominn í náminu, er mjög mikilvægt að leggja áherslu á reglulegar, daglegar æfingar alveg frá upphafi.

Foreldrar/forráðamenn geta orðið að miklu liði með því að hjálpa nemendum að skipuleggja æfingatímann. Útbúa þarf rétt andrúmsloft og umhverfi fyrir æfingar.

Er til standur fyrir nóturnar? Er stóllinn í réttri hæð? Heyrist of mikið í sjónvarpi úr næsta herbergi?

Aðalatriðið er að sýna áhuga á því sem börnin eru að gera.

Eðlilegt er að áhugi nemenda sé ekki alltaf samur og jafn. Ef nemandi sýnir merki um uppgjöf er mikilvægt að kennari og foreldrar/forráðamenn leiti orsaka og lausna. Stundum er nóg að skipta um viðfangsefni til að áhuginn glæðist á ný.

Tónlistardeild Svalbarðsstrandar starfar samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og greinanámskrám hennar. Aðalnámskrá er aðgengileg á heimasíðu Menntamálaráðuneytisins.

Samræmd áfangapróf eru grunnpróf (3. stig), miðpróf (5. stig) og framhaldspróf (7. stig), annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Þau eru dæmd af utanskóla-prófdómurum, Prófanefnd Tónlistarskóla. Jafnframt er heimilt að skipta námsferlinu í smærri áfanga eða stig. Önnur stigspróf eru 1. til 6. stig. Hægt er einnig að taka árspróf, ársprófin innihalda alla þá sömu prófliði og áfangaprófin en færri atriði af hverjum og eru þau því smækkuð mynd af áfangaprófunum.

Öll próf tekin við Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar eru fullgild próf skv aðalnámskrá tónlistarskóla. Prófskírteini eru veitt öllum sem taka áfangapróf og stigspróf. Á skírteininu er að finna einkunn og umsögn prófdómara um framistöðu á prófi.

Námstími innan hvers áfanga getur verið breytilegur og ræðst hann meðal annars af aldri, þroska, ástundun og framförum, að nemandi tileinki sér þá þekkingu og færni sem krafist er í hljóðfæranámskrá viðkomandi hljóðfæris.

Hljóðfærakennari semur einstaklingsbundna námsáætlun fyrir hvern nemanda, sem tekur mið af þroska hans, áhuga, vinnugleði og næmi. Töluverður munur

getur verið á yfirferð nemenda, sumir vinna hraðar, aðrir hægar. Próf eru tekin þegar nemandinn er að mati kennara tilbúinn til þess og hefur tileinkað sér hæfilegt námsefni úr viðkomandi stigi samkvæmt hljóðfæranámskrá.

Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar leggur áherslu á fjölbreytt námsmat þar sem frammistöðumat, sjálfsmat og stöðugt alhliða námsmat spila saman.

Í upphafi haustannar gera nemendur og kennarar markmiðasamninga þar sem markmið nemanda og kennara yfir skólaárið eru lögð fram og er því byrjun á sjálfsmati nemandans í náminu ásamt frumkvæði, sem unnið er með og endurskoðað allt skólaárið.

Unnið er að því skólaárið 2015-2016 að koma á leiðsagnarmati í starf Tónlistarskólans. Leiðsagnarmat er lagt fyrir nemendur með það að markmiði að hægt sé að nýta niðurstöðurnar til að bæta bæði námsárangur nemandans og aðferðir við kennslu. Námsmat er árangursríkt þegar það er hluti af námsferli þar nemendur taka virkan þátt í mati og þeim hjálpað til að bæta sig í námi, að matið tengist viðfangsefni, markmiðum og námsskrám.

Í lok vorannar fá nemendur vitnisburð um árangur vetrarins á þar til gerðu eyðublaði;

prófeinkunir í formi talna og skriflegra umsagna.

Mat á iðni byggir annars vegar á heimavinnu nemanda, þ.e. hvernig hann stundar heimaæfingar á hljóðfærið og vinnur verkefnið fyrir hóptímana.

Á hinn bóginn byggir matið á þátttöku, þ.e., mati kennara á eftirfarandi þáttum:

áhuga – hve áhugasamur og vakandi nemandinn er í tímum

einbeitingu – hve einbeittur nemandinn er og úthald hans við lausn verkefna

frumkvæði – hversu framtakssamur og virkur nemandinn er, einnig við það að

koma á framfæri eigin hugmyndum

sjálfstæði – hve sjálfstæður nemandinn er í vinnubrögðum

samvinnu – hvernig nemandi vinnur með kennara og með öðrum í hópi.

Fyrir utan mat á iðni er tekið mið af skólasókn nemanda. Skólasókn er byggð á mætingaskrá.

Forföll nemenda og kennara

Nemendur eða aðstandendur tilkynni vinsamlegast forföll í síma 462 3127 eða í tölvupósti á tonlist@svalbardsstrond.is ef þau eru ekki í samræmi við mætingu nemenda í grunnskólanum þann daginn.

Sé nemandi skráður veikur í grunnskóla telst hann einnig veikur í Tónlistarskólanum út þann dag. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að senda ekki veik börn sín í tónlistartíma. Fjarvistir ber að tilkynna samdægurs.

Kennurum ber ekki að bæta upp forföll nemenda né eigin veikindadaga, eða ef upp koma önnur atvik í skólastarfinu sem raska reglubundinni kennslu t.d. námskeið, starfsemi grunnskóla og leikskóla eða ef kennsla fellur niður vegna veðurs.

Nemendur geta einungis fengið skólagjöld endurgreidd ef þeir hætta námi vegna veikinda eða brottflutnings. Breytingar á námstilhögun nemenda eru aðeins leyfðar við upphaf skólaárs og á annaskiptum og skal tilkynna slíkt skriflega til skólustjóra Tónlistarskólans. Ekki er endurgreitt hlutfallslega af skólagjaldi vegna kennslustunda sem falla niður vegna veikinda kennara eða raskana í skólastarfi.

Óveður/ófærð

Ef grunnskóli fellir niður kennslu vegna óveðurs/ófærðar gildir það sama um Tónlistarskólann.

Ef kennsla er ekki felld niður, en veður er slæmt, er það ákvörðun foreldra/forráðamanna hvort nemandi mætir eða ekki í Tónlistarskólann. Þó þarf að hringja inn forföll í síma 462

3127 eða senda tölvupóst á tonlist@svalbardsstrand.is.

Ef kennsla er ekki felld niður í grunnskóla, en kennari kemst ekki til starfa vegna óveðurs/ófærðar, verður reynt að hafa samband við alla hans nemendur.

Hlutverk

Hlutverk Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar er m.a. að:

Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og njóta hennar, m.a. með því að þjálfa tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á sviði hljóðfæraleiks og tónfræðagreina.

Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur m.a. með því að veita undirstöðuþekkingu, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, jafnframt því að örva þá til að leika tónlist, bæði einir sér og með öðrum.

Hlutverk og markmið

Að veita nemendum góða tæknilega tilsögn í hljóðfæraleik, markvissa þjálfun í tónfræðagreinum og tækifæri til að koma fram.

Stuðla að auknu tónlistarlífi í sveitarfélaginu m.a. með því að hvetja til virkni nemenda í almennu tónlistarlífi, með samvinnu við aðrar stofnanir á svæðinu.

Markmið

Meginmarkmið tónlistarskóla skiptast í þrjá flokka:

Uppeldisleg markmið
markmið

Leikni- og skilningsmarkmið

Samfélagsleg

Markmið skólans er að veita tónlistarfræðslu, stuðla að iðkun og eflingu tónlistarlífs í sveitarfélaginu.

Uppeldisleg markmið Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar, eins og annarra tónlistarskóla, eru m.a. að stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun.

Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda.

Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttri mennta- og menningarstarsemi.

Einnig hefur Tónlistarskólinn það að markmiði að taka við öllum þeim nemendum er áhuga hafa á tónlistarnámi og hvetja þá til þátttöku í tónlistarlífi innan sem utan skólans.

Auk þess að efla raunhæfa sjálfsmynd, einbeitingarhæfni og hæfni til að vinna með öðrum.

SKÓLAREGLUR TÓNLISTARSKÓLA SVALBARÐSSTRANDAR

Nemendur hafa kost á að fara úr kennslustundum í grunnskóla til að sækja hljóðfæratíma í Tónlistarskólanum. Á kennslutíma grunnskólans hafa þeir nemendur sem búa í dreifbýli sveitarfélagsins forgang og yngri nemendur yfir þá eldri.

Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Veikindaforföll ber að tilkynna með eins miklum fyrirvara og unnt er, forföll grunnskólanemenda eru skráð í samræmi við tilkynningar til grunnskóla. Sé nemandi skráður veikur í grunnskóla telst hann einnig veikur í Tónlistarskólanum út þann dag. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að senda ekki veik börn sín í tónlistartíma.

Fjarvistir ber að tilkynna samdægurs. Ótilkynntar fjarvistir (skröp) eru litin alvarlegum augum og hvert tilvik skoðað af skólayfirvöldum. Þetta á við allar fjarvistir, óháð námsgrein. Bóklegar greinar /hljómsveit/samspil/samsöngur/tónver teljast til námsgreina rétt eins og einkatímar.

Nemendum er skylt að koma fram á þeim tónleikum sem kennari hans ákveður.

Kennurum ber ekki að bæta upp forföll nemenda né eigin veikindadaga, eða ef upp koma önnur atvik í skólastarfinu sem raska reglubundinni kennslu t.d. námskeið, starfsemi grunnskóla og leikskóla eða ef kennsla fellur niður vegna veðurs.

Nemendur geta einungis fengið skólagjöld endurgreidd ef þeir hætta námi vegna veikinda eða brottflutnings. Breytingar á námstilhögun nemenda eru aðeins leyfðar við upphaf skólaárs og á annaskiptum og skal tilkynna slíkt skriflega til

skólastjóra Tónlistarskólans. Ekki er endurgreitt hlutfallslega af skólagjaldi vegna kennslustunda sem falla niður vegna veikinda kennara eða raskana í skólastarfi. Nemendur skulu fara vel með hljóðfæri og aðrar eigur skólans sem þeir umgangast. Nemendum er stranglega bannað að lána eða leyfa öðrum að prófa hljóðfæri sem þeir hafa til umráða frá skólanum. Bili hljóðfæri eða tæki í eigu skólans í meðförum nemanda, sem rekja má til óvarkárni eða slæmrar meðferðar hans, ber viðkomandi að bæta það tjón að fullu. Nemanda sem leigir hljóðfæri, ber að láta kennara sinn vita ef hljóðfærið bilar og hann mun hafa milligöngu eða veita ráðleggingar varðandi viðgerð. Nemanda er óheimilt að reyna að lagfæra hljóðfærið sjálfur.

Nemendur skulu fara að fyrirmælum starfsfólks skólans og sýna því og öðrum nemendum virðingu.

Tónlistarskólinn hvetur til þess að nemendur komi fram og leiki/syngi sem oftast opinberlega og er skilyrði að það sé gert með fullu samþykki hljóðfæra-/söngkennaranna. Þessi regla skal í heiðri höfð, ekki vegna þess að verið sé að koma í veg fyrir að nemandi leiki opinberlega annarsstaðar, heldur eingöngu til að kennari geti fylgst með ferli nemanda síns og tryggt að það sem hann flytur annarsstaðar sé vel undirbúið og frambærilegt. Nemendum er óheimilt að hafa kveikt á farsíma í kennslustund eða á tónleikum.

Tónleikareglur fyrir forráðamenn nemenda

Mikilvægt er að nemendur sem eiga að koma fram á tónleikum, mæti tímanlega á tónleikastað, um 10-15 mínútum áður en tónleikarnir eiga að hefjast. Nemendur skulu vera snyrtilegir til fara og hafa með sér nótur og/eða hljóðfæri eins og á við.

Nauðsynlegt er að tilkynna forföll eins tímanlega og hægt er fyrir tónleika.

Mikilvægt er að tónleikagestir sitji alla tónleikana. Einnig að þeir nemendur sem lokið hafa leik sínum á tónleikunum fari ekki, heldur sitji rólegir út tónleikana. Það þarf að vera algjör undantekning að áheyrandi yfirgefi tónleika meðan á þeim stendur, en ef nauðsyn krefur skal það gert í klappi á milli atriða. Ef áheyrandi mætir of seint á tónleika er sjálfsgöð tillitsemi að ganga ekki til sætis nema í klappi á milli atriða.

Mikilvægt er að börn í hópi áheyrenda valdi ekki truflun, bæði smábörn og nemendur skólans. Foreldrar/forráðamenn þeirra eru beðnir um að sjá til þess.

Allir skulu hafa slökkt á hringingu í farsímum meðan á tónleikum stendur.

